

Stefna Landsbréfa

um sjálfbærni í rekstri sjóða

I

Almennt

Það er stefna Landsbréfa að samþætta sjálfbærniþætti inn í fjárfestingatökufæri sjóða og þar með taka mið af sjálfbærniáhættu við fjárfestingar þeirra eftir því sem því verður við komið. Stefna þessi er meðal annars sett með hliðsjón af lögum nr. 25/2023, um upplýsingagjöf um sjálfbærni og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

II

Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni (SFDR)

Með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar voru innleiddar tvær reglugerðir frá Evrópusambandinu annars vegar reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR) og hins vegar flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (Taxonomy). SFDR er skammstöfun fyrir *Sustainable Finance Disclosure Regulation* sem er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2088, um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu. Með SFDR er lögð skylda á aðila á fjármálamarkaði um upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni. SFDR er ætlað að tryggja samræmda upplýsingagjöf um hvernig aðilar á fjármálamarkaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig tekið er tillit til neikvæðra áhrifa fjármálaafurða á sjálfbærniþætti. Samkvæmt skilgreiningu í SFDR teljast sjálfbærniþættir vera umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.

Markmið reglugerðarinnar er að auka gagnsæi fyrir fjárfesta og draga úr ósamræmi í upplýsingagjöf meðal annars með það fyrir augum að hindra grænþvott. Samkvæmt SFDR á upplýsingagjöf um einstaka sjóði að taka mið af því að hvaða leyti litið er til sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir. Til einföldunar er almennt talað um 6. gr. sjóði (gráir sjóðir), 8. gr. sjóði (ljósgrænir sjóðir) og 9. gr. sjóðir (dökkgrænir sjóðir). Sjá nánari skilgreiningu hér að neðan:

- | | |
|---------------|---|
| 6. gr. sjóður | Sjóður sem annað hvort tekur sjálfbærniþætti inn í fjárfestingarákvarðunarferlið en uppfyllir ekki þau skilyrði sem þarf til þess að falla undir 8. eða 9. gr. sjóð eða sjóður sem útskýrir af hverju sjálfbærniáhætta á ekki við. |
| 8. gr. sjóður | Sjóður sem eflir umhverfislega og/eða félagslega þætti og fjárfestir í sjálfbærum fjármálaafurðum en hefur sjálfbærni ekki að markmiði. Sjóðurinn þarf að fullnægja þeim kröfum í 8. gr. SFDR gerir til þess að fjármálaafurð teljist efla sjálfbærniþætti, þar á meðal umhverfis- og félagslega þætti og fylgi viðmiðum um góða stjórnarhætti. |
| 9. gr. sjóður | Sjóður sem hefur það að markmiði að fjárfesta í sjálfbærum fjárfestingarafurðum. Sjóðurinn þarf að fullnægja þeim kröfum sem 9. gr. SFDR gerir til þess að fjármálaafurð teljist hafa sjálfbærar fjárfestingar sem markmið. |

Allir verðbréfasjóðir Landsbréfa eru í dag flokkaðir sem 6. gr. sjóðir og sama gildir um alla sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta nema Landsbréf – Eignadreifing sjálfbær sem er flokkaður sem 8. gr. sjóður. Þó

flestir sjóðir séu þannig flokkaðir sem 6. gr. sjóðir þá hafa sjónarmið um sjálfbærni og ábyrgar fjárfestingar þýðingu við fjárfestingaákvörðanir og samkvæmt stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar ber að taka tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarhátta þegar tekin er ákvörðun um fjárfestingar. Í ákveðnum undantekningartilvikum veitir fjárfestingastefna sjóða ekki svigrúm til að taka sjálfbærniþætti sérstaklega inn í fjárfestingatökufæri og koma slíkir þættir þá ekki til skoðunar. Dæmi um slíkt eru sjóðir sem eingöngu fjárfesta í ríkisskuldabréfum, en þar hefur sjóðstjóri ekki val um neina aðra útgefendur og þarf því að sætta sig við stöðu ríkisins í sjálfbærnimálum. Í öðrum tilvikum þar sem val er til staðar ber að taka tillit til sjálfbærniþátta.

III

Nánar um samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökufæri fjárfestinga

a. Almenn

Um fjöllun hér snýr að verðbréfasjóðum og sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta og er samin í júní 2023 og er endurskoðuð að lágmarki árlega. Í útboðslýsingum sjóða Landsbréfa er gerð grein fyrir flokkun einstakra sjóða og allitarleg um fjöllun um sjálfbærniáhættu og eins með hvaða hætti sjálfbærniþættir eru teknir inn í fjárfestingaákvörðanir, þ.m.t. þeir þættir sem teljast hafa neikvæð áhrif á sjálfbærni. Stefna þessi gildir einnig um aðra sérhæfða sjóði í rekstri Landsbréfa eftir því sem við getur átt.

b. Sjálfbærniáhætta

SFDR skilgreinir sjálfbærniáhættu sem atburð eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði. Í þessu felst að gengið er út frá því að áhættur tengdar umhverfislegum, félagslegum og stjórnarháttarlegum þáttum geti haft áhrif á virði fjárfestingar.

c. Sjálfbærniáhætta og hvernig sjálfbærni kemur inn í fjárfestingaákvörðanir

Við fjárfestingarákvörðanir sjóða Landsbréfa skal þess gætt að áhætta tengd sjálfbærni sé felld inn í fjárfestingaákvörðunarferli sjóða. Landsbréf hafa sett sér sérstaka stefnu um um ábyrgar fjárfestingar sem miðar að því að allar fjárfestingar sjóða séu skoðaðar með tilliti til sjónarmiða um ábyrgar fjárfestingar og samþætta slík sjónarmið inn í fjárfestingarákvörðanir sjóða í rekstri Landsbréfa. Ábyrgar fjárfestingar fela í sér að leggja mat á umhverfisþætti, félagslega þætti og góða stjórnarhætti félaga (hér eftir „UFS“) þegar hugað er að fjárfestingu. Markmið stefnunnar er jafnframt að stuðla að stöðugum umbótum á sviði UFS bæði í starfsemi Landsbréfa og í þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í á vegum Landsbréfa, í þeim tilgangi að auka vægi UFS í samfélaginu og eins til að lágmarka að fjárfest sé í starfsemi sem hafi neikvæð áhrif á sjálfbærni og að veita reglulega upplýsingar um ábyrgar fjárfestingar á vegum Landsbréfa. Með því að samþætta mat á þessum þáttum inn fjárfestingarferlið telja Landsbréf að sjóðfélagar muni njóta betur fjárhagslegs ávinnings til lengri tíma á sama tíma og stuðlað er að því að samfélagið verði betra.

Við fjárfestingaákvörðanir styðjast sjóðstjórar þegar um íslenska fjármálagerninga er að ræða m.a. við mat Reitunar á UFS þáttum útgefenda og er þannig höfð hliðsjón af einkunnargjöf Reitunar við fjárfestingar í innlendum fjármálagerningum með það að markmiði að hafa vægi fjárfestinga sem fengið hafa góða einkunn í úttektum Reitunar hlutfallslega meira en annarra. Varðandi erlendar fjárfestingar er fyrst og fremst fjárfest í erlendum sjóðum og er þar einkum horft til sjóða sem taka mið af sjálfbærniþáttum í fjárfestingaferlinu. Þó það sé ekki í fjárfestingastefnum sjóða Landsbréfa kveðið á um útilokun einstakra fjárfestingakosta með hliðsjón af neikvæðum áhrifum á sjálfbærniþætti er engu að síður, í samræmi við stefnu Landsbréfa um ábyrgar fjárfestingar, lagt upp með að leitast sé við að fjárfesta í útgefendum sem starfa í samræmi við samfélagsleg gildi, hafi í heiðri góða stjórnarhætti og sýni ábyrgð í umhverfismálum eða hafi þessa þætti í öndvegi í sínu fjárfestingaferli. Ástæðan er sú að það er mat Landsbréfa að fyrirtæki sem ekki leggja áherslu á þessa þætti séu síður til þess fallin að skila

fjárfestum langtímaávöxtun. Almennt er gengið út frá að við erlendar fjárfestingar sé frekar fjárfest í sjóðum en einstökum hlutabréfum og skuldabréfum og er það gert að undangenginni áreiðanleikakönnun á viðkomandi sjóði þar sem gengið er úr skugga um að hann sé með vel skilgreinda aðferðarfræði þar sem sjálfbærniþættir og sjálfbærniáhætta eru tekin inn í fjárfestingaferlið. Þannig er sjálfbærniáhætta tekin inn í fjárfestingaferli ásamt því að horft er til annarra áhættuþátta.

Það hvernig sjálfbærniáhætta er samþætt inn í fjárfestingarákvarðanir getur verið mismunandi eftir eignaflokkum og tegundum fjárfestinga og ekki hvað síst eftir því hversu gott aðgengi er að upplýsingum. Áhættumat tengt sjálfbærni er hluti af áreiðanleikakönnun við ákvörðun um nýjar fjárfestingar og er til skoðunar að formbinda það sérstaklega sem sérstakt áhættumat í regluverki félagsins. Við allar nýjar fjárfestingar fer fram áreiðanleikakönnun þar sem lagt er mat á sem flesta áhættuþætti tengda fjárfestingum, og er þar m.a. leitast við að leggja mat á sjálfbærniáhættu. Upplýsingar um sjálfbærniþætti fyrirtækja hér á landi eru mismiklar en með lagabreytingum eru nú gerðar meiri kröfur en áður um slíka upplýsingagjöf tengda reikningssskilum. Fylgst er með greiningum (þ.m.t. matsúttektum Reitunar) og sjálfbærnisráðgjafum félaga og er það viðvarandi verkefni að fylgjast með því hvernig einstakir útgefendur í eignasafni sjóða takast á við sjálfbærni. Það skal tekið fram að þeir verðbréfasjóðir sem fjárfesta eingöngu eða nánast eingöngu í ríkisskuldabréfum taka ekki sérstaklega mið af sjálfbærniáhættu þar sem útgefendur eru einungis ríkið og tengdir aðilar. Því má segja að sjálfbærniþættir, komi ekki til sérstakar skoðunar í fjárfestingaákvörðunum slíkra sjóða. Þessir sjóðir eru allir sparibréfasjóðir Landsbréfa.

d. Neikvæð áhrif fjárfestingaákvörðana á sjálfbærniþætti (PAI e. Principal Adverse Impact on sustainability factors)

Með neikvæðum áhrifum fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti er almennt átt við þau mögulegu neikvæðu áhrif sem fjárfestingarákvörðun getur haft. Þannig er til að mynda gengið út frá því að fjárfesting í starfsemi útgefenda sem hefur neikvæð áhrif á loftslagsbreytingar geti leitt til meiri öfga í veðurfari, súrnun sjávar, byggileika svæða á jörðinni og þar með langtímaáhrif á verðmætasköpun í heiminum. Með sama hætti er gengið út frá því að fyrirtæki sem setja ekki félagslega þætt í öndveggi eða virði ekki góða stjórnarhætti séu síður fallin til að skila langtímaávöxtun.

Við mat á sjálfbærniþáttum er bæði horft til jákvæðra og neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti. Þannig að ef útgefandi hefur bæði jákvæð áhrif og neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti er leitast við að leggja heildrænt mat á þessa þætti. Unnið er út frá þeirri forsendu að fjárfesta síður í fjármálagerningum útgefenda þar sem lítil áhersla er á sjálfbærni eða starfsemin er með þeim hætti að hún hefur sérstaklega neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti án þess að gripið sé til mildandi aðgerða sem einhverju nemur. Með því að leggja áherslu á að fjárfestingar hafi ekki neikvæð áhrif með tilliti til sjálfbærniþátta þá er stuðlað að því að fjármagn leiti frekar í sjálfbærar fjárfestingar og þar með stuðlað að bættu samfélagi. Við þetta mat er stuðst við birt efni útgefenda og greiningar sjálfstæðra matsfyrirtækja eins og Reitunar að því er varðar innlenda aðila. Hvað varðar erlendar fjárfestingar er fyrst og fremst fjárfest í sjóðum og við val á slíkum fjárfestingakostum er horft til þess að tekið sé tillit til mats á sjálfbærniþáttum og þannig síður fjárfest í útgefendum sem hafa tiltölulega mikil neikvæð sjálfbærniáhrif.

Áhættustýring Landsbréfa fylgist með sjálfbærniáhættu í rekstri sjóða Landsbréfa og gerir grein fyrir henni og frávikum henni tengdum í skýrslugjöf sinni.

IV

Gildistími

Stefna þessi var sett af stjórn Landsbréfa þann 16. júní 2023 og er undirrituð rafrænt af formanni stjórnar því til staðfestingar. Hún skal endurskoðuð árlega fresti eða oftár ef tilefni þykir til. Stefna skal birt á heimasíðu Landsbréfa.